



Sveitarstjórnarfundur 12. mars 2025

Miðvikudaginn 12. mars 2025 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 29. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediksdóttir og Hildur Aradóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið nr. 13, 14 & 15.

Hildur Aradóttir leitar afbrigða sbr. lið nr. 16.

Dagskrá 29. fundar:

1. Fundargerð 28. sveitarstjórnarfundar 29.01.2025
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Framtíðarsýn sveitarfélagsins
5. Afleysing á skrifstofu Kaldrananeshrepps
6. Fyrirhugaðar framkvæmdir
7. Húsnæðisstaða í Kaldrananeshreppi
8. Ábyrgð vegna lántöku fyrir Sorpsamlag Strandasýslu ehf.
9. Fulltrúi Kaldrananeshrepps í stýrihóp áfangastaðaáætlunar
10. Samþykkt um afgreiðslu byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar
11. Eftirlitsskýrslur frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða
12. Erindi frá Landsbyggðin lifi – LBL
13. Fulltrúi Kaldrananeshrepps við gerð menningarstefnu
14. Breyting á Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010–2030 – skipulagslýsing
15. Kórstjórn og tónlistarkennsla
16. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins

Fundargerð:

1. Fundargerð 28. sveitarstjórnarfundar 29.01.2025.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

3. Aðrar fundargerðir

- a. 151. fundur Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis, 20.02.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- b. 13. fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 10.02.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- c. 14. fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 27.02.2025.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- d. 55. fundargerð velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, 17.02.2025.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- e. Samband íslenskra sveitarfélaga, 961. fundur stjórnar, 17.01.2025.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga, 962. fundur stjórnar, 22.01.2025.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga, 963. fundur stjórnar, 31.01.2025.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- h. Samband íslenskra sveitarfélaga, 964. fundur stjórnar, 07.02.2025.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- i. Samband íslenskra sveitarfélaga, 965. fundur stjórnar, 18.02.2025.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga, 966. fundur stjórnar, 19.02.2025.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- k. Samband íslenskra sveitarfélaga, 967. fundur stjórnar, 20.02.2025.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- l. Samband íslenskra sveitarfélaga, 968. fundur stjórnar, 21.02.2025.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga, 969. fundur stjórnar, 24.02.2025.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga, 970. fundur stjórnar, 25.02.2025.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga, 971. fundur stjórnar, 28.02.2025.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Framtíðarsýn sveitarfélagsins

Haldinn var íbúafundur í Kaldrananeshreppi 18. febrúar sl. er varðar framtíðarsýn sveitarfélagsins. Var þar rætt um ýmsa möguleika sem gert verður grein fyrir síðar.

Sveitarstjórn ákveður að fresta lið nr.4 til næsta fundar.

Borið upp og samþykkt.

5. Afleysing á skrifstofu Kaldrananeshrepps

Þörf er á afleysingu á skrifstofu Kaldrananeshrepps í 50% starf þjónustufulltrúa. Sveitarstjórn hefur leitað leiða og hefur rætt við tilvonandi starfskraft.

Helstu verkefni eru skilgreind sem:

- Utanumhald um bókhald, reikningagerð og umsjón með tekjuöflun
- Skjalavarsla, utanumhald um fundi og birtingar á vefsíðu
- Afgreiðsla daglegra fyrirspurna, upplýsingagjöf til íbúa og móttaka á skrifstofu
- Almenn skrifstofustörf og önnur tilfallandi verkefni sem oddviti felur starfsmanni

Sveitarstjórn ákveður að ráða umræddan starfskraft í tímabundið starf á skrifstofu Kaldrananeshrepps.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

6. Fyrirhugaðar framkvæmdir

Oddviti gerir grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum á Vitavegi á Drangnesi. Fyrir liggja útlitsteikningar af tveimur gerðum af húsum ætluðum fyrir Vitaveg.

Fyrirhugaðar framkvæmdir lagðar fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að fjárfesta í tveimur fullbúnum húsum með vísan í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Oddvita veitt heimild frá sveitarstjórn til að annast framkvæmdina.

Borið upp og samþykkt.

7. Húsnæðisstaða í Kaldrananeshreppi

Oddviti gerir grein fyrir húsnæðisstöðu í Kaldrananeshreppi.

Húsnæðisstaða lögð fram til kynningar.

8. Ábyrgð vegna lántöku fyrir Sorpsamlag Strandasýslu ehf.

Ákvörðun um veita einfalda ábyrgð, veðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veiting umboðs til að undirrita lánasamning og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánsamningi vegna láns Sorpsamlags Strandasýslu ehf. frá Lánasjóði sveitarfélaga:

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Sorpsamlags Strandasýslu ehf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 25.000.000,- með lokagjalddaga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna kaup á vélum, tækjum og áhöldum sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda félagsins til að breyta ekki ákvæði samþykpta félagsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að sveitarfélagið selji eignarhlut sinn í félaginu til annarra opinberra aðila,

skuldbindur sveitarfélagið sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Finn Ólafssyni, oddvita, kt. 301284-2179, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Kaldrananeshrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

9. Fulltrúi Kaldrananeshrepps í stýrihóp áfangastaðaáætlunar

Óskað er eftir því að Kaldrananeshreppur tilnefni fulltrúa í stýrihóp áfangastaðaáætlunar en unnið er að heildarendurskoðun á áfangastaðaáætlun Vestfjarða.

Áfangastaðaáætlunin er lykilverkfæri í stefnumótun og þróun ferðaþjónustu á svæðinu og tekur meðal annars til skipulags, uppbyggingar og markaðssetningar.

Sveitarstjórn ákveður að tilnefna Viktoríu Rán Ólafsdóttur.
Skrifstofustjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

10. Samþykkt um afgreiðslu byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar

Í Kaldrananeshreppi starfar byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd sem fjallar um og samþykkir byggingarleyfi áður en byggingarfulltrúi gefur þau út. Þörf er á samþykkt í samræmi við 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 um hlutverk byggingarnefndar og sveitarstjórnar í þessum málum.

Samþykkt um afgreiðslu byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar lögð fram til afgreiðslu og staðfest.
Skrifstofustjóra falið að senda samþykkt um afgreiðslu nefndarinnar til Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og til Stjórnartíðinda í kjölfarið.
Borið upp og samþykkt.

11. Eftirlitsskýrslur frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða

Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða lögð fram til kynningar og umræðu þar sem við á.

Sýni var tekið 26. febrúar sl. af neysluvatni í Fiskvinnslunni Drangi. Vatnið stóðst kröfur neysluvatnsreglugerðar 536/2001.

Skýrsla lögð fram til kynningar.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

12. Erindi frá Landsbyggðin lifi – LBL

Erindi barst frá Landsbyggðin lifi – LBL en samtökin leitar eftir samstarfi við sveitarfélög í dreifbýli vegna þátttöku samtakanna í samstarfsverkefninu „Coming, Staying, Living – Ruralizing Europe“.

Verkefnið leitast við að efla byggð í dreifbýli og smærri samfélögum með áherslu á grunnþjónustu, sjálfbærni og samfélagsþol. Verkefnið er unnið í samstarfi við Finnland, Svíþjóð og Danmörku og fellur vel að áherslum Norðurlandaráðs um þróttmikil og sjálfbær samfélög þar sem fólk vill búa og starfa.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að taka ekki þátt í umræddu verkefni.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

13. Fulltrúi Kaldrananeshrepps við gerð menningarstefnu

Óskað er eftir því að Kaldrananeshreppur tilnefni fulltrúa við gerð menningarstefnu fyrir Vestfirði. Henni er ætlað að vera leiðbeinandi grundvallarskjal á sviði menningarmála í landshlutanum til að nota fyrir sveitarfélög og menningarstarfs í landshlutanum.

Sveitarstjórn ákveður að tilnefna Arnlín Óladóttur.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

14. Breyting á Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010–2030 – skipulagslýsing

Lögð er fram skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030, er varðar að stefnu um ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum.

Í gildandi aðalskipulagi er sett fram stefna um að heimilt sé að starfrækja ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum, s.s. gistingu og greiða sölu. Umfang slíkrar starfsemi er bundin við nýtingu núverandi húsakosts á býlum og takmarkast enn fremur við að heildarstærð fari ekki yfir 150 fermetra. Umfangsmeiri rekstur er aðeins heimilaður á verslunar- og þjónustusvæðum skv. gildandi aðalskipulagi.

Fyrirspurnir og erindi frá landeigendum í Kaldrananeshreppi hafa borist til sveitarstjórnar undanfarin misseri þar sem lýst er áhuga á að byggja upp og starfrækja ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum sem hliðargrein við búrekstur. Ljóst er að gildandi heimildir aðalskipulags um að hámarki 150 fermetra ferðaþjónustubygginga er of takmarkandi til að byggja upp hagkvæmar rekstrareiningar og það er jafnframt tímafrekt og kostnaðarsamt að ráðast í aðalskipulagsbreytingar fyrir hvert og eitt tilvik.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps hefur því ákveðið vinna breytingu á almennri stefnu aðalskipulagsins um ferðaþjónustu og atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum og setja

m.a. fram ný viðmið um umfang slíkrar starfsemi á landbúnaðarsvæðum sem styður við búrekstur og búsetu í dreifbýli.

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga samþykkir sveitarstjórn að kynna skipulagslýsinguna og felur skipulagsfulltrúa að senda hana til umsagnaraðila og kynna.

Borið upp og samþykkt.

15. Kórstjórn og tónlistarkennsla

Nú hefur um nokkra hríð ekki verið starfandi tónlistarskóli á Ströndum og barst erindi þess efnis á skrifstofu Kaldrananeshrepps frá sóknar- og fræðslunefnd sveitarfélagsins. Það liggur í augum uppi hversu mikilvægt tónlistaruppeldi er og hversu mikil börn sem ekki fá tækifæri til að læra á hljóðfæri fara á mis.

Óskað er því eftir að leitað verði leiða til að ráða tónlistarkennara sem gæti kennt börnum tónlist og um leið tekið að sér kórstjórn.

Erindi lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.
Oddvita falið að fylgja erindinu eftir.
Borið upp og samþykkt.

16. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins

Umsókn barst á skrifstofu Kaldrananeshrepp þar sem óskað var eftir starfi í afleysingar við Sundlaugina á Drangnesi.

Helstu verkefni eru skilgreind sem:

- a. Öryggisgæsla og eftirlit.
- b. Afgreiðsla og aðstoð við viðskiptavinum.
- c. Eftirfylgni með umgengisreglum.
- d. Eftirlit með gæðum sundlaugarvatns.
- e. Umsjón með hreinlæti í og við laug.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og höfum það í huga ef sú staða kemur upp.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 21:31